



22110139



ICELANDIC A1 – STANDARD LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL MEDIO – PRUEBA 1

Wednesday 11 May 2011 (morning)
Mercredi 11 mai 2011 (matin)
Miércoles 11 de mayo de 2011 (mañana)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only. It is not compulsory for you to respond directly to the guiding questions provided. However, you may use them if you wish.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages. Le commentaire ne doit pas nécessairement répondre aux questions d'orientation fournies. Vous pouvez toutefois les utiliser si vous le désirez.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento. No es obligatorio responder directamente a las preguntas que se ofrecen a modo de guía. Sin embargo, puede usarlas si lo desea.

Fjallaðu um **annan** af eftirfarandi textum.

1.

Hlerarnir voru yfir lestinni, opinu litla við stigann hafði verið lokað eftir að versnaði í sjóinn og súr lykt sjóveikinnar sveif yfir útafliggjandi mannskapnum. Fjölskyldurnar höfðu búið um sig á flatsængum, en tvær konur sem sjóveikin hafði ekki náð tangarhaldi á sátu upp við dogg og skemmtu hvor annarri með fæðingarsögum. Steinunn hafði orðið.

5 Karítas kom utan af sjó en Bjarghildur upp úr moldinni eins og hvert annað kartöflugas. Ég var að taka upp kartöflur þegar ég tók sóttina og var alein heimavið þar eð fólkið var allt úti á engjum. Ég lét ólætin í fyrstu ekki á mig fá því að kartöflunum varð að bjarga ekki síður en sláttunni, og trúði að ég hefði nægan tíma því það hafði tekið mig þrjá daga að koma eldri dótturinni í heiminn. En þegar hríðar fóru að ágerast og ég ætlaði að hafa mig inn í bæ var það
10 orðið um seinan, svo snögg og hörð var sóttin. Það var ekki um annað að ræða en að setjast á hækjur sínar í kartöflugarðinn og láta þetta yfir sig ganga. Tveimur árum síðar þegar ég eignaðist þriðju dótturina endurtók sagan sig en þá var ég niðri í fjöru við sölvatekju þegar ósköpin hófust. Af fyrri reynslu vissi ég hvert stefndi svo ég kom mér fyrir bak við fjörustein þar sem ég hafði sand undir fótum, en meðan ég fæddi fór að flæða og var það hrein guðsmildi að barnið fór ekki
15 með bárunni. Eftir tvær fæðingar útivið hætti ég mér ekki frá bænum þegar ég var komin á steypirinn og þess vegna voru það mjúkar rekkjuvoðir sem tóku við drengjunum mínum þremur en ekki sjór og mold.

Af svip samferðakonunnar mátti sjá að hún var ekki viss hvort konan væri að segja satt eða segja frá draumi. Lét það samt eiga sig að spyrja enda sagan ágæt en rýndi hins vegar á þær systur
20 eins og hún væri að reyna að geta sér til um hver hefði komið hvaðan og hver væri sú sem kom í heiminn með venjulegum hætti. Þær lágu hver um aðra þvera eins og yrðlingar í greni, náfölar og bjargarlausar vegna flökurleika, gátu ekki lengur uppréttar setið, en bræður þeirra, utan þess yngsta sem dormaði í kjöltu móður sinnar, höfðu fyrir löngu róið af sér sjóveikina og héldu sig ofanþilja hjá skipverjum.

25 Samferðakonan hafði engar svipaðar sögur að segja af sjálfri sér þar eð hún hafði fætt öll sín börn innandyra, en til að vera ekki eftirbátur ekkjunnar greip hún til þess ráðs að segja frá óvenjulegum fæðingum sem hún hafði frétt af. Þær höfðu talað lengi og voru komnar að þeim kafla frásagnar þegar hvor um sig skýrir frá högum sínum og fyrirætlan og Steinunn sagði í stuttu máli frá þeirri ósk sinni að koma börnunum til mennta. Samferðakonan undraðist stórum
30 áræði hennar, ók sér í flatsænginni og spurði hvort það væri ekki óðs manns æði af ekkju að ætla sér að ana út í óvissuna með sex börn og engan aur? Steinunn ansaði því til að aurar skipti engu máli í því sambandi.

Á Íslandi drepst enginn sem vinnur.

Kristín Marja Baldursdóttir, *Karítas án titils* (2004)

- Ræddu um hvernig höfundur notar ytri aðstæður sem hluta af persónusköpuninni.
- Fjallaðu um þá mynd sem dregin er upp af móðurinni í þessu broti.
- Ræddu hvernig höfundurinn notar andstæður og hliðstæður til að draga athygli að mismunandi þemum og í persónusköpuninni.

2.

SÁPUKÚLUR

Á sólheitum vegg – fyrir sunnan hús –
hún sat – með ofur litla krús

og blés – blés –
og blés

5 sápukülur –
silkikúlur –
safír – ópal – túrkískúlur.

Þær minntu á fiðrildi' í morgunblænum
í mjúkum dansi – á blöðum grænum –

10 er hljótt þær liðu að himinboga –
hurfu í bjartan sólarloga.

Sápukülur.
Silkikúlur.
Safír – ópal – túrkískúlur –

15 hún blæs þær ei lengur úr barnakrús
bláeyga stúlkan – sunnan við hús –

því krúsin er brotin – beyglað rör –
nú bitur hún þögul – sárt á vör.

Ef sápukülur hún sér – í draumi –
20 hún svífur með þeim burt – í laumi.

Steingerður Guðmundsdóttir, *Strá* (1969)

- Fjallaðu um hvernig skáldið notar sápukülur sem tákni í ljóðinu.
- Fjallaðu um hvernig sú mynd sem skáldið dregur upp af stúlkunni í ljóðinu hefur áhrif á túlkun þess.
- Hvað geturðu sagt um áhrif endurtekninga og ríms á það andrúmsloft sem skáldið skapar í ljóðinu?